

Fundarnúmer:	86
Dagsetning:	06.05.2008
Tími:	13:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

86. fundur.

Miðvikudaginn 6. maí 2008 kl. 13:00 kom Landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 86. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Drög að verklagsreglum um handsömun og vörslu graðpenings.
2. Skipting fjárveitingar til viðhalds heiðagirðinga..
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, gerði grein fyrir undirbúningi að setningu verklagsreglna um handsömun og vörslu graðpenings. Greindi hann m.a. frá því að óskað hafi verið eftir fundi með sýslumanni og yfirlögregluþjóni um atriði er tengjast samstarfi lögreglunnar og sveitarfélagsins í tilvikum sem upp koma vegna lausagöngu graðpenings. Fundarmenn mæltu mjög með því að slíkur fundur verði haldinn hið fyrsta því mikilvægt sé að verklagið sé skýrt og hlutverk allra hlutaðeigandi ljóst. Að loknum þeim fundi verði verklagsreglurnar kynntar fulltrúum Hrossaræktarsambands V-Hún.

2. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 1.570.000- sem eru til ráðstöfunar á árinu 2008 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

Í Hrutafirði kr. 350.000-

Í Miðfirði kr. 470.000-

Í Víðidal kr. 750.000-

Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2008 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk.

3. Önnur mál.

A) Landbúnaðarráð hvetur til þess að hið fyrsta verði haldinn fundur með fulltrúum sveitarstjórnar og landbúnaðarráðs með fulltrúum Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda þar sem farið verði yfir ákvæði gildandi sammings um framkvæmd búfjárefirlits í Húnaþingi vestra.

Þorsteinn B. Helgason boðaði forföll og varamaður hafði ekki tók á því að mæta til fundarins.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:20.

Agnar Jónsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.), Örn Óli Andrés�on(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).